

## Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um Happraætti Háskóla Íslands, nr. 13/1973, með síðari breytingum.

Flm.: Ögmundur Jónasson, Gísli S. Einarsson, Hjálmar Árnason,  
Katrín Fjeldsted, Sverrir Hermannsson.

### 1. gr.

Við 1. mgr. 1. gr. laganna bætast tveir nýir stafliðir, svohljóðandi:

- f. Skylt er þeim sem reka söfnunarkassa að koma fyrir á áberandi stað á kössunum viðvör-  
un um þær hættur sem geta stafað af fjárhættuspilum.
- g. Skylt er þeim sem reka söfnunarkassa að standa straum af kostnaði við neyðar- og ráð-  
gjafarþjónustu fyrir þá sem haldnir eru spilafíkn og skal vakin athygli á þeirri þjónustu  
með áberandi hætti á kössunum sjálfum.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um breytingu á lögum um söfn-  
unarkassa, nr. 73/1994, en gerð er tillaga um samhljóða breytingu á þeim lögum.

Undanfarin ár hafa þingmenn úr öllum stjórnmalaflokkum reynt að leggja því lið að tekið  
verði á vandamálum sem tengjast spilakössum og happraættisvélum, m.a. með því að leggja  
til að bannað verði að starfrækja tæki af því tagi. Enn sem komið er hefur ekki náðst sam-  
staða um slíka aðgerð. Hins vegar bíður meðferðar þingsins tillaga til þingsályktunar um að  
fela ríkisstjórninni að skipa nefnd með fulltrúum allra þingflokka til að leita leiða til að  
stemma stigu við útbreiðslu spilafíknar. Þeir þingmenn allra stjórnmalaflokka sem hafa sam-  
einast um flutning fyrrgreindra þingmála líta svo á að með því að vinna málunum brautar-  
gengi leggi þeir sitt af mörkum við lausn vandamáls sem allt samfélagið stendur frammi fyr-  
ir. Með frumvarpi þessu og systurfrumvarpi þess er enn stigið skref sem ætlað er að draga  
úr þeim hörmungum sem spilafíknin getur leitt yfir einstaklinga og fjölskyldur.

Nú er svo komið að margir Íslendingar hafa tapað bæði aleigu sinni og annarra, misst vini  
sína, stofnað hjónaböndum og fjölskyldutengslum í hættu af völdum fíknar sinnar, í örvænt-  
ingarfullri von um að rétta af lélega fjárhagsstöðu sína. Nú munu vera tæplega eitt þúsund  
spilakassar á liðlega 370 stöðum á landinu. Ef við Íslendingar lútum svipuðum lögmálum og  
nágrannarþjóðir okkar má ætla að um 12 þúsund Íslendingar eigi við sjúklega spilafíkn að  
stríða. Þessu fólki standa takmörkuð úrræði til boða og ráðgjöf til þeirra sem vilja leita sér  
hjálpur hefur einnig verið takmörkuð.

Spilafíkn er sjúkdómur. SÁÁ skilgreinir sjúkdóminn þannig að spilafíkn sé sjúkleg, við-  
varandi spilaárátta og síaukin löngun til að spila eða leggja undir eða að spilahegðunin setji  
í hættu eða eyðileggi stöðu einstaklingsins, félagslega og fjárhagslega, hvort sem er á heimili  
eða vinnustað. Ef við horfumst í augu við þá staðreynd að álíka margir Íslendingar eru haldn-

ir þessum sjúkdómi og gengur og gerist með öðrum þjóðum stöndum við frammi fyrir alvarlegu þjóðfélagsmeini sem ekki er síður mikilvægt að þjóðfélagið taki sameiginlega á en t.d. umferðarslysum og afleiðingum þeirra.

Eins og fyrr segir eru úrræði fá fyrir þá sem ánetjast hafa spilafíkninni. Hins vegar eru þekktar ýmsar leiðir bæði til forvarna og til að aðstoða þá sem gera sér grein fyrir þessum sjúkdómi sjálfs sín eða annarra. Fram hefur komið, m.a. hjá erlendum fyrirlesara sem Áhugaþópur gegn spilafíkn fékk til landsins nýverið, að erlendis hefur gefist vel að starfrækja símalínur sem veita þeim sem eftir leita ráðgjöf og stuðning til að ná tökum á fíkn sinni og veita einnig leiðsögn fjölskyldu, vinum og vandamönnum sjúklinga sem fíkninni eru haldnir. Símalínur þessar eru starfræktar með svipuðu sniði og þekktist héraendis, t.d. í tengslum við ráðgjafarstarf Kvennaathvarfsins, Vinalínuna o.fl.

Verði frumvarp þetta að lögum má ætla að stigið verði mikilvægt skref í átt til þess að efla ráðgjöf fyrir þá sem eiga við þá ógæfu að etja sem spilafíknin er. Í fyrsta lagi er lagt til að Háskóla Íslands, sem með lögum nr. 13/1973 er heimilað að reka happdrættisvélur og spilakassa, verði gert skylt að koma fyrir á áberandi hátt á tækjunum viðvörun um hættuna sem því kann að fylgja að spila í slíkum vélum. Þessu má líkja við ábendingarnar sem komið er fyrir á tóbaksambúðum þar sem varað er við þeirri hættu sem fylgir tóbaksnotkun en fram hefur komið að slíkar ábendingar hafa gefið góða raun.

Í öðru lagi er lagt til að Háskóla Íslands verði gert skylt að standa straum af kostnaði við neyðar- og ráðgjafarþjónustu fyrir þá sem haldnir eru spilafíkn. Jafnframt felur frumvarpið í sér skyldu til að vekja athygli á ráðgjafarþjónustunni með áberandi hætti á kössunum sjálfum.

Eins og getið er í upphafi þessarar greinargerðar er samhliða þessu frumvarpi lögð til samhliða breyting á lögum um söfnunarkassa, nr. 73/1994. Með þessum tveimur frumvörpum er því gerðar sömu kröfur til allra sem heimild hafa til að reka söfnunarkassa og spilavélar.